

The page features three blue, 3D-rendered circles of varying sizes. One large circle is at the top right, a smaller one is in the middle right, and the largest circle is at the bottom right. Thin blue lines connect the top-left corners of these circles, forming a triangular shape that points towards the top left.

Ársskýrsla Þjónusturáðs Suðurlands

[Type the document subtitle]

María Kristjánsdóttir
Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir
Helga Lind Pálsdóttir
10/22/2017

Inngangur

Á árinu 2015 var stofnað byggðasamlag vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi. Byggðasamlagið ber nafnið Bergrisinn bs. og hefur heimili og varnarþing í Sveitarfélaginu Árborg. Sveitarfélögin Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grímsnes- og Grafningshreppur, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur reka saman byggðasamlagið um málefni fatlaðs fólks.

Byggðasamlagið er stofna skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og bera sveitarfélögin einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðarsamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags sem miðast við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert. Eignarhluti hvers sveitarfélags er reiknaður með sama hætti. Starfssvæði byggðarsamlagsins skiptist í þrjú félagsþjónustusvæði. Þau eru Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings, Félagþjónusta Sveitarfélagsins Árborgar og Félagþjónusta Rangárvalla- og V. Skaftafellssýslu.

Markmið Bergrisans bs. er að þjónusta við fatlað fólk verði samþætt félagsþjónustu sveitarfélaganna þannig að fatlað fólk njóti heildstæðrar nærþjónustu hjá félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags. Þjónustan innan svæðisins skal veitt á jafnræðisgrundvelli og byggja ákvarðanir á veitingu hennar á mati á þjónustupörf. Stjórn Bergrisans bs. er skipuð þremur oddvitum sveitarfélaga frá fyrrgreindum félagsþjónustusvæðum. Formaður stjórnar er Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar en auk hennar sitja í stjórninni Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar og Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Mýrdalshrepps.

Dagleg stjórnun og samhæfing vegna samningsins er í höndum þjónusturáðs sem starfar á grundvelli erindisbréfs og gerir tillögur um stærri ákvarðanir og stefnumörkun til stjórnar Bergrisans bs. Þjónusturáð er skipað þremur yfirmönnum fyrrgreindra félagsþjónustusvæða. Formaður þjónusturáðs er María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings en auk hennar sitja í þjónusturáði Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, félagsmálastjóri Árborgar og Katrín Þorsteinsdóttir, félagsmálastjóri félagsþjónustudeildar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu.

Hlutverk þjónusturáðs er:

- Umsjón með daglegri stjórnun samningsins
- Umsjón og forgangsröðun innan ramma þjónustusamnings við Sveitarfélagið Árborg, samráð vegna samninga við sjálfstæða þjónustuaðila
- Stefnumótun í samvinnu við sveitarfélög, notendur og hagsmunaaðila
- Samhæfing þjónustu innan þjónustusvæðis
- Árangursstjórnun og eftirlit með þeirri þjónustu sem veitt er innan þjónustusvæðisins
- Eftirlit með framkvæmd samninga við sjálfstæða þjónustuaðila
- Áætlanagerð og eftirlit vegna rekstrarsjóðs Bergrisans bs
- Umsjón með gerð sameiginlegs ársreiknings Bergrisans bs.

Bergrisinn bs. og Sveitarfélagið Árborg gerðu með sér samning um sameiginleg verkefni byggðarsamlagsins sem Sveitarfélagið Árborg annast.

Meðal verkefna er:

- Sérhæfð ráðgjöf
- Stuðningur við þjónusturáð
- Samningar við sjálfstæða þjónustuaðila
- Þjónusta við stjórn Bergrisann bs
- Rekstur sérhæfðra þjónustueininga

Verkefni þjónusturáðs Suðurlands árið 2016

Þjónusturáð Suðurlands hélt 8 fundi á árinu 2016 og starfaði samkvæmt verk- og starfsáætlun sem ráðið setti sér fyrir tímabilið.

Uppbygging búsetu

Uppbygging á búsetuþjónustu á svæðinu er orðin mjög brýn en vegna takmarkaðs fjármagns hefur ekki verið farið í neina uppbyggingu búsetuúrræða frá því að málaflokkurinn flutti til sveitarfélaganna. Þjónusturáð hafði leitað eftir samstarfi við Brynju hússjóð og Landsamtökin Proskahjálp um byggingu búsetukjarna en bæði félögin töldu sig ekki geta farið í slíkt samstarf að svo stöddu. Á aðalfundi Bergrisans bs. haldinn í október var ákall til sveitarstjórnarmanna að það þyrfti að samþykkja að hefja framkvæmdir á búsetukjarna með sólarhringsþjónustu fyrir allt að 7 einstaklinga. Ákveðið var á fundinum að undirbúa umsókn um stofnframlög til íbúðarlánasjóðs til byggingar slíks kjarna.

Umsagnir

Þjónusturáð vann umsagnir að eftirtöldum málum:

- Frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar sérþarfir
- Reglugerðum um þjónustu við fatlað fólk
- Framkvæmdaáætlun 2017-2021.

Fræðsla

Starfsdagar þjónusturáðs, fagteymis og forstöðumanna voru haldnir í nóvember. Fjallað var m.a um stöðuna í málefnum fatlaðs fólks, gæðamat í þjónustu og hugmyndafræðina um þjónandi leiðsögn.

Samstarfsverkefni

Félagsþjónusturnar á Suðurlandi og Fjölbrautaskóli Suðurlands hafa verið í samstarfi vegna liðveisluverkefnis. Nemendur í félagsfræðiáfangi hafa þá starfað sem liðveitendur við fatlað fólk eina önn og fengið greidd laun og fengið einingu fyrir. Verkefnið hefur mælst vel fyrir og gefur fólki tækifæri að kynnast margbreytileika samfélagsins.

Nemendum í áfanganum -mannréttindi og jafnrétti- stóð til boða að taka þátt í þrenns konar verkefnum sem metið var til eininga í áfanganum:

1. Félagsleg liðveisla og fá greidd laun fyrir það

2. Vera fötluðum nemendum á starfsbraut stuðningur í kennslustundum og við félagslega þátttöku í frímínútum

3. Vinna heimildaritgerð um mikilvægi félagsþátttöku fatlaðs fólks

Verkefnið hefur mælst vel fyrir og gefur fólki tækifæri að kynnast margbreytileika samfélagsins.

Notendaráð


Notendaráð málefna fatlaðs fólks hefur verið starfrækt frá desember 2012. Hlutverk ráðsins er að gera fötluðu fólki kleift að hafa áhrif á og taka þátt í skipulagi og framkvæmd þjónustunnar sem og öðrum hagsmunamálum sínum í því sveitarfélagi sem það býr. Einnig er notendaráðið ráðgefandi fyrir þjónustusvæðið varðandi stefnumótun um málefni fatlaðs fólks. Ráðið getur tekið til umfjöllunar önnur mál er varða málefni fatlaðs fólks. Ákveðið var á árinu að gera breytingar á ráðinu, þannig að einungis væru í ráðinu notendur, ekki hagsmunasamtök né aðstandendur. Gerður var Samstarfssamningur við Fræðslunetið um námskeið fyrir fatlað fólk sem vildi starfa í notendaráði. Samningurinn nær einnig til utanumhalds og stuðnings til þátttöku á fundum.

Fundir með hagsmunasamtökum.

Tveir fundir með fulltrúum þroskahjálpar á Suðurlandi voru haldnir á árinu þar sem staðan í búsetumálum fatlaðs fólks var rædd og framtíðarsýn um þjónustu við fatlað fólk á Suðurlandi.

Þjónusta við fatlað fólk á þjónustusvæði Suðurlands

Heildarfjöldi þjónustuþega á Suðurlandi 2011-2016:



Sértæk þjónusta við fatlað fólk

Hér verður gert grein fyrir sértækri þjónustu sem er í boði fyrir fatlað fólk og þjónustusvæðið ber sameiginlega ábyrgð á. Áður en fatlað fólk fær sértæka þjónustu þá á það rétt á almennri félagslegri þjónustu, þ.e. félagsleg ráðgjöf, heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, ferðaþjónusta fatlaðs fólks. Þegar sú þjónusta mætir ekki þörfum þess skv. þjónustumati (grunnmat, SIS mat) þá ber að veita sértæka þjónustu, s.s. frekari liðveislu, skammtí mavistun, dagþjónustu/atvinnu, búsetuþjónusta.

Fullorðnir:

Sértæk þjónusta	2012	2013	2014	2015	2016
Frekari liðveisla	38	35	36	37	36
Skammtí mavistun	9	8	10	7	9
Viss	68	60	52	66	58

Börn:

Sértæk þjónusta	2012	2013	2014	2015	2016
Skammtí mavistun	18	20	16	18	17
Stuðningsfjölskylda	25	23	25	29	27
Þjónustuteymi	56	66	73	81	93

Sértæk búsetuúrræði

Á þjónustusvæðinu hefur verið gerður samningur við fjóra einkaaðila um þjónustu við fatlað fólk. Þeir rekstraraðilar veita fötluðu fólki búsetu- og dagþjónustu.

Heimilin sem þjónustusvæðið rekur eru fjögur og þar er veitt búsetuþjónusta.

Sértæk búsetuúrræði	Stuðningur	Dagþjónusta/Atvinna
Breiðabólstaður	4	1
Heimilið Birkimörk	5	0
Heimilið Selvogsbraut	6	0
Heimilið Vallholt 9	5	0
Heimilið Vallholt 12-14	5	0
Kerlingardalur	4	4
Skaftholt	8	8
Sólheimar	40	40

Samkvæmt framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks er lögð áhersla á að herbergjasambýli verði lögð af fyrir árið 2020. Á þjónustusvæðinu eru 5 heimili/búsetuúrræði sem teljast til herbergjasambýla og búa þar 27 einstaklingar.

Biðlisti eftir sértækri þjónustu í árslok 2016

	Lögheimili á Suðurlandi	Lögheimili annars staðar
Búseta - sólarhringsþjónusta	7	1
Leiguhúsnæði að Birkihólum	3	
Leiguhúsnæði - Brynja hússj. ÖBÍ	14	2
Skammtímavistun	8	

Fjármál

Rekstrarniðurstaða þjónustueininga 2016.

Í töflunni hér að neðan má sjá rekstrarniðurstöðu þjónustueininganna sjö á svæðinu ásamt greiðslum til sjálfstæðu þjónustuaðilanna fjögurra árið 2016.

Þjónustueiningar	Rauntölur 2016	Áætlun 2016	Mismunur	Skýringar
Heimilið Vallholti 9	81.738.452	79.560.000	-2.178.452	Veikindalaun
Heimilið Vallholti 12-14	84.969.007	81.658.000	-3.311.007	Veikindalaun
Þjónustumiðstöð Álftarima	127.757.483	125.808.000	-1.949.483	Veikindalaun og aukin yfirvinna v/neyðarúrræði
VISS Selfossi	75.911.809	79.435.000	3.523.191	Auknar sölutekjur
Heimilið Birkimörk	93.706.777	88.028.000	-5.678.777	Veikindalaun
Heimilið Selvogsbraut	86.465.429	72.255.000	-14.210.429	Veikindalaun
VISS Þorlákshöfn	16.639.397	17.370.000	730.603	Rekstrarkostnaður lægri
Breiðabólstaður	78.839.248	66.024.000	-12.815.248	11 mánuðir + leiðr. v/2014 og 2015 og skv. SIS mati
Kerlingardalur	33.990.018	33.432.000	-558.018	11 mánuðir + hlutdeild í aukaframlagi v/rekstrarhalla
Skafholt	85.627.772	79.176.000	-6.451.772	11 mánuðir + leiðr. v/2014 og 2015 og hlutdeild í aukafr. v/rekstrarhalla
Sólheimar	393.067.292	392.143.000	-924.292	11 mánuðir + leiðr. Og hlutdeild í aukaframlagi v/rekstrarhalla
Samtals	1.158.712.684	1.114.889.000	-43.823.684	

Heimilin Vallholti 9 og Vallholti 12-14 eru yfir áætlun og má rekja það til veikindalauna. Þjónustumiðstöð Álftarima er yfir áætlun og má rekja það til veikindalauna og aukinnar yfirvinnu vegna neyðarúrræða. VISS á Selfossi er 3,5 millj. kr. undir áætlun og má rekja það til þess að sölutekjur eru mun hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Heimilið að Birkimörk er yfir áætlun og má rekja það til veikindalauna. Heimilið Selvogsbraut er yfir áætlun sem skýrist einnig af veikindalaunum.

Áætlun 2017

Í töflunni hér að neðan má sjá fjárhagsáætlanir þjónustueininganna á svæðinu ásamt greiðslum til sjálfstæðu þjónustuaðilanna fjögurra fyrir árið 2017 með samanburð við fjárhagsáætlun 2016.

Þjónustueiningar	Áætlun 2017	Áætlun 2016
Heimilið Vallholti 9	81.930.000	78.185.000
Heimilið Vallholti 12-14	85.027.000	81.294.000
Þjónustumiðstöð Álftarima	131.818.000	124.828.000
VISS Selfossi	87.011.000	78.294.000
Heimilið Birkimörk	95.034.000	88.028.000
Heimilið Selvogsbraut	79.780.000	77.255.000
VISS Þorlákshöfn	20.645.000	17.370.000
Breiðabólstaður	82.753.536	66.024.000
Kerlingardalur	36.909.056	33.432.000
Skaftholt	84.860.928	79.179.000
Sólheimar	428.288.000	392.136.000
Samtals	1.214.056.520	1.116.025.000

Hækkun í Vallholti 9 má rekja til hækkunar launa vegna kjarasamninga. Hækkun á Vallholti 12-14 má rekja til hækkunar launa vegna kjarasamninga. Hækkun á Þjónustumiðstöðinni Álftarima má að mestu rekja til hækkunar á NPA og beingreiðslusamningum. Hækkun á heimilinu Birkimörk má rekja til hækkunar launa vegna kjarasamninga og veikindalauna. Hækkun á heimilinu Selvogsbraut má rekja til hækkunar launa vegna kjarasamninga. Hækkunir á samningum við sjálfstæða þjónustuaðila má rekja til þess að greiðslur til þeirra taka nú mið af SIS mati og greiðslum á árinu 2016.

Lokaorð

Er það mat flestra að þjónusta við fatlað fólk eigi best heima hjá sveitarfélögunum í nærþjónustunni. Félagþjónusta sveitarfélaganna hefur eflst við flutning málaflokksins og komið er betur til móts við þarfir allra íbúa sveitarfélaganna. Það er orðin mikil þörf fyrir uppbyggingu búsetuúrræða á svæðinu sbr. biðlista og er orðið mjög brýnt að veita því fólki þjónustu sem bíður úrlausna sinna mála.